

Sp.

412. Nefndarálit

[39. mál]

um till. til þál. um eyðingu refa og minka.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og sent hana til umsagnar Búnaðarfélags Íslands. Er svar félagsins prentað hér sem fylgiskjal. Eins og sést á svarinu, er ráðið, „að hingað til lands komi kunnáttumaður á þessu sviði, er gefi leiðbeiningar um nýjar aðferðir við eyðingu refa og minka. Er komu þessa manns vænt á næsta vori“. Telur nefndin því, að þær ráðstafanir, sem þingsályktunartillagan ætlast til að gerðar verði í þessu efni, séu þegar hafnar.

Nefndin leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að þeim ráðstöfunum, sem hafnar eru til eyðingar refa og minka, verði fram haldið og þær efldar, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson,
form., frsm.

Jón Sigurðsson,
fundaskr.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Karl Guðjónsson.

Eiríkur Þorsteinsson.

Emil Jónsson.

Fylgiskjal.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 1. desember 1955.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands hefur í dag eftir beiðni ykkar rætt þingsályktun um eyðingu refa og minka, og er bókað svo í gerðabók félagsins: Lagt fram bréf frá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, þar sem óskað er umsagnar stjórnarinnar um hjálagða þingsályktunartillögu um eyðingu refa og minka.

Búnaðarfélag Íslands hefur á ýmsan hátt unnið að því, að betri árangri yrði náð við eyðingu refa og minka. Hið síðasta í því efni er það, að samkomulag hefur náðst um það við sendiráð Bandaríkjanna hér á landi, að hingað til lands komi kunnáttumaður á þessu sviði, er gefi leiðbeiningar um nýjar aðferðir við eyðingu refa og minka. Er komu þessa manns vænt á næsta vori. Þá hefur stjórnin fengið um það fregnir frá landbúnaðarráðuneytinu, að greiddur verði ferðakostnaður þessa manns hér.

Lítur stjórnin svo á, að eigi sé ástæða til frekari aðgerða í máli þessu að svo stöddu.

Virðingarfyllt,

Páll Zóphóniasson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.